

Ed.

909. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febr. 1943.

(Frá allsherjarnefnd.)

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Ef eigi er öðruvísi ákvæðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennt meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni Alþýðusambands Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi grg.:

„Það hefur komið í ljós, að ákvæði 19. gr. orlofslaganna, um að mál út af orlofum skuli sæta úrlausn Félagsdóms, eru ekki heppileg, þar sem sú málsmeðferð hlýtur að hafa mikil óþægindi og aukakostnað í för með sér fyrir þá, sem húa utan Reykjavíkur. Getur þetta auðveldlega leitt til þess, að fólk úti um land, sem þarf að sækja mál út af orlofsfé eða orlofi, treysti sér ekki kostnaðar vegna og fyrirhafnar til þess að leggja út í það að fá dóm fyrir þeim réttindum, er lögin kunna að veita því, og ákvæði þetta þannig orðið til þess, að lögin nái ekki tilgangi sínum. Er ljóst, hve auðsóttara það er og kostnaðarmiuna fyrir hlutaðeigendur að geta snúið sér til hlutaðeigandi héraðsdómara með kröfur sínar, enda eru þessi mál yfirleitt ekki þannig vaxin, að nauðsyn beri til, að sérdómstóll fjalli um þau.

Getu má þess enn fremur, að komið hefur í ljós, að það er mjög óheppilegt að þurfa að sundurgreina orlofsfjárkröfur frá kaupkröfum, þar sem það getur leitt til tvöfaldrar málssóknar fyrir launþega.“